

Mánudaginn 17. desember 1973.

Nr. 177/1973: Valdstjórnin

gegn

Jörgen Inga Hansen.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.

Kærumál. Bréfhelgi.

Dómur Hæstaréttar.

Á dómþingi 30. nóvember 1973, sem dómari í ávana- og fíkniefnamálum samkvæmt lögum nr. 52/1973 háði, skaut varnaraðili hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 73/1973, en skjöl málsins bárust Hæstarétti 6. desember s. á. og greinargerð varnaraðilja 14. s. m.

Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður.

Eins og í hinum kærða úrskurði getur, leikur grunur á því, að bréf það, er mál þetta fjallar um, merkt viðtökunúmerinu 8870, kunni að innihalda efni, er lög nr. 77/1970 og reglugerð nr. 257/1969 fjalla um. Ber því, sbr. 44. gr. laga nr. 73/1973, að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 30. nóvember 1973.

Ár 1973, föstudaginn 30. nóvember, var háð dómþing í fíkniefnamálum í lögreglustöð við Hverfisgötu 113 og þá af Ásgeiri Friðjónssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir: Í gær mætti hér fyrir dómi Sigurmundur Gíslason, deildarstjóri hjá tollstjóraembætti í Reykjavík, og lagði fram ýmis bréf og póstsendingar, sem ætla mætti, að innihéldu fíkn-

efni eða annan ólöglegan varning. Dómari ákvað að leggja hald á umrædd gögn, en meðal þeirra var eftirfarandi: I. Bréf merkt viðtökunúmeri 8870 af Tollpóststofu í Reykjavík, viðtakandi skráður Ingi Hansen, c/o Verzlunin Laugavegi 42, Reykjavík, Ísland, en sendandi tilgreindur Ingibergur Þorkelsson. Bréf er í máli þessu merkt dskj. nr. 10. II. Bréf merkt viðtökunúmeri 8871 af Tollpóststofu í Reykjavík, viðtakandi skráður Ingibergur Þorkelsson, c/o Box 7008, Reykjavík, Iceland, en sendandi tilgreindur Ole Johansen, Århusgade 24, København, og bréf póstlagt þar í borg 1. nóvember s.l. klukkan 1600. Bréf er í máli þessu merkt dskj. nr. 9. III. Bréf merkt viðtökunúmeri 8872 af Tollpóststofu í Reykjavík, viðtakandi skráður Sarah Record Co., P.O. Box 1299, Reykjavík, Iceland, en sendandi tilgreindur Ole Johansen, Århusgade 24, København, og bréf póstlagt þar í borg 1. nóvember s.l. klukkan 1600. Bréf er í máli þessu merkt dskj. nr. 8.

Í gær og í dag hafa vegna ofangreinds verið yfirheyrðir hér fyrir dómi Jörgen Ingi Hansen verzlunarmaður, til heimilis að Melhaga 12, og Ingibergur Einar Þorkelsson, stud. ocean., til heimilis að Víðimel 19. Jörgen Ingi Hansen staðfesti hér fyrir dómi í gær, að bréf, nú merkt dskj. nr. 8, væri stílað á fyrirtæki í hans einkaeign, og opnaði umbeðinn bréf í réttinum. Reyndist það innihalda grænt lyktarsterkt efni, sem útliti og litarprófun samkvæmt gæti verið cannabis, en efnagreining hefur ekki verið framkvæmd. Á sama hátt opnaði Ingibergur Einar Þorkelsson hér í réttinum í dag bréf, nú merkt dskj. nr. 9, og virtist umbúnaður og efni allt með sama hætti og varðandi dskj. nr. 8 með þar greindum fyrirvara þó. Hvorugur mættra kveðst kannast við rithönd á bréfum, tilgreindan sendanda né hafa átt slíkra sendinga von. Nefnd bréf voru bæði póstlögð í Kaupmannahöfn 1. nóvember s.l. og Ingibergur Þorkelsson sennilega, að eigin sögn, þar í borg þann dag.

Dómari telur ekki fært án sérfræðilegrar umsagnar að meta í því sambandi rithandarsýni Ingibergs, merkt dskj. nr. 12, til samanburðar við áritanir á bréf, nú merkt dskj. nr. 8 og 9, en einnig utanáskrift bréfs, nú merkt dskj. nr. 10, sem Ingibergur Þorkelsson sendi 2. nóvember, að eigin sögn, frá Kaupmannahöfn og stílaði á Inga Hansen. Nefndur móttakandi neitaði umbeðinn að opna greint bréf (dskj. nr. 10) í viðurvist tollvarða, en krafðist að fá vörzlur þess með innsetningargerð í fógetamáli, og vísast um gang þess dómara kunnan til dskj. nr. 13, 14, 15, 16 og 17. Ingi Jörgen Hansen hefur hér fyrir dómi neitað að opna áður margnefnt bréf (nú dskj. nr. 10), en jafnframt lýst yfir, að sér velti á miklu að

fá þegar úr því skorið, hver verði afdrif þess. Með vísan til ofanritaðs og þrátt fyrir skort á endanlegri greiningu innihalds bréfa, nú merktra dskj. nr. 8 og 9, þykir dómara óhætt að telja yfirgnæfandi líklegt, að efni sé í báðum tilvikum cannabis, og vísar í því sambandi einnig til dskj. nr. 7. Samkvæmt framansögðu og með skírskotun til 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969, sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 77/1970, svo og með vísun til 44. gr. laga nr. 73/1973 þykir rétt í þágu rannsóknar máls þessa að ákveða, að opna skuli og kannað innihald bréfs með viðtökunúmeri 8870 frá Tollpóststofu, en í máli þessu merkt dskj. nr. 10.

Úrskurðarorð:

Opna skal og kanna efni og innihald bréfs, sem merkt er nr. 8870, en dskj. nr. 10 og stílað er á Inga Hansen, c/o Verzlunin Laugavegi 42.

Miðvikudaginn 19. desember 1973.

Nr. 51/1973: Vita- og hafnarmálastjóri, samgönguráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegnt

**Hochtief A.G. og Véltækni h/f
og gagnsök**

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og
Björn Sveinbjörnsson.**

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1973. Var aðalsök þingfest 2. apríl 1973, og fékk aðaláfrýjandi þá frest til fyrsta þingdags í júní s. á. Í áfrýjunarstefnu kveðst aðaláfrýjandi munu krefjast þess fyrir Hæstarétti, að allar kröfur hans fyrir héraðsdómi verði